rannsóknarverkefnum. Stjórnin setur forstöðumanni erindisbréf þar sem nánar er kveðið á um verksvið hans.

Um ráðningu annars starfsfólks fer eftir ákvæðum reglna fyrir Háskóla Íslands. Sé um að ræða ráðningu í starf og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglunum fer stjórn stofnunarinnar eða forstöðumaður í umboði hennar með ráðningarmálið.

8. gr.

*Fjármál.*

Tekjur stofnunarinnar eru eftirfarandi:

a. framlag frá stjórnmálafræðiskor,
b. framlag frá samstarfsaðilum,
c. styrkir til einstakra verkefna,
d. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
e. tekjur af útgáfustarfsemi og námskeiðahaldi,
f. aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlög úr ríkissjóði eftir því sem kveðið kann að vera á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Stofnunin hefur sjálfstætt fjárhald en stjórnmálafræðiskor og félagsvísindadeild bera á henni fjárábyrgð. Fjárhagsáætlanir og uppgjör skulu kynnt forseta félagsvísindadeildar.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Um stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 72. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

9. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 27. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 28. júní 2002.*

**Páll Skúlason.**

*Þórður Kristinsson.*

3. júlí 2001 Nr. 496

# AUGLÝSING

## um nafn sameinaðs sveitarfélags Gnúpverjahrepps og Skeiðahrepps.

Ráðuneytið hefur í dag staðfest nafn hins sameinaða sveitarfélags sem varð til í umdæmi sýslumannsins á Selfossi hinn 9. júní 2002 við sameiningu Gnúpverjahrepps og Skeiðahrepps í eitt sveitarfélag, sbr. auglýsingu nr. 238/2002.

Hið sameinaða sveitarfélag skal heita Skeiða- og Gnúpverjahreppur.

*Félagsmálaráðuneytinu, 3. júlí 2002.*

**Páll Pétursson.**

*Guðjón Bragason.*